



## Hækkun launa mismunandi eftir störfum og atvinnugreinum

Á tímabilinu frá 2015 til 2021 var 30-40 prósentustiga munur á launahækkunum þeirra starfsstétta sem hækkuðu mest og minnst, verkafólk hækkaði mest, um 71%, og stjórnendur minnst, um rúmlega 40%. Á sama tíma hækkuðu laun í helstu atvinnugreinum á almenna markaðnum í kringum 60%, nema í fjármála- og váttryggingarstarfsemi þar sem hækkunin var um 50%.

Tölur um launaþróun á hinum ýmsu mörkuðum og hópum eru birtar tveimur mánuðum seinna en launavísitalan fyrir alla. Þar eru nýjustu tölur frá október 2021. Í nýlegri [Hagsjá](#) kom m.a. fram að laun á almenna markaðnum hefðu hækkað mun minna en á þeim opinbera milli októbermánaða 2020 og 2021. Launin hækkuðu um 6,5% á almenna markaðnum á þessum tíma og um 10,4% á þeim opinbera.

Opinberi markaðurinn hefur því verið leiðandi í launabreytingum á síðustu mánuðum, allt frá haustinu 2020 þegar kjarasamningar á opinbera markaðnum voru almennt komnir til framkvæmda. Allt frá upphafi ársins hefur því verið töluvert bil á þróun launa milli þessara markaða, sé miðað við upphaf ársins 2015.

### Laun eftir starfsstéttum


Hagstofan gefur einnig út launavísitölu ýmissa starfsstétta á almenna markaðnum og eru nýjustu tölur þar einnig frá október 2021. Sé miðað við stöðuna í upphafi ársins 2015 má sjá að laun verkafólks hafa hækkað mest á þessu tímabili, um rúm 70%. Skammt á eftir koma laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks með rúmlega 70% hækkun.

Á neðri endanum er hækkun launa stjórnenda langminnst, en þau hafa hækkað um 42%. Þar fyrir ofan eru laun sérfræðinga sem hafa hækkað um 51%.

Þessar tölur eru skýr vísbending um að sú áhersla sem lögð hefur verið á mesta hækkun lægstu launa hafa náð nokkuð vel fram að ganga á þessu tímabili.


Ef laun starfsstétta eru skoðuð yfir tíma má t.d. sjá hvernig laun verkafólks og þjónustu-, sölu og afgreiðslufólks tóku stökk upp á við fyrir u.þ.b. ári

### Launaþróun á tveimur mörkuðum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launahækkun starfsstétta



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launahækkun í atvinnugreinum



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



síðan og breytingarnar skildu sig frá öðrum hópum. Á þessum tæpu sjö árum er 30-40 prósentustiga munur á launahækkunum þessara starfsstétta.

### Laun eftir atvinnugreinum

Hagstofan birtir einnig launavísitölu atvinnugreina og er þar undir allt starfsfólk í viðkomandi greinum, óháð þeim störfum sem það sinnir.

Munurinn á milli atvinnugreina hvað launaþróun varðar er mun minni en á milli starfsstétta. Á tímabilinu frá janúar 2015 fram til október 2021 hafa laun í verslun og viðgerðum hækkað mest, eða um rúm 62%. Þar koma veitustarfsemi og flutningar og geymsla skammt á eftir. Fjármála- og váttryggingarstarfsemin hefur nokkra sérstöðu með um 10 prósentustiga minni hækkun en hinar greinarnar á þessu tímabili.

Sé litið á þróun launa í atvinnugreinum yfir tíma má sjá að fjármála- og váttryggingarstarfsemin hefur einkum dregist aftur úr hinum greinum á núverandi samningstímabili. Það kemur vel heim og saman við þá launastefnu sem hampað hefur verið um sérstaka hækkun lægstu launa. Laun eru einmitt tiltölulega há í fjármála- og váttryggingarstarfsemi.

### Umræða um launamál á eftir að aukast

Kjarasamningar á almenna markaðnum renna nær allir út í lok október á þessu ári og flestir samningar á þeim opinbera í lok mars 2023. Kröfugerð og undirbúningur fyrir gerð nýrra kjarasamninga fer því brátt að hefjast á almenna markaðnum og er jafnvel hafinn.


Síðasta samningstímabil hefur verið mjög sérstakt í aðstæðum heimsfaraldurs. Engu að síður er staðan sú að laun hafa hækkað með venjubundnum hætti allt tímabilið og markmið um sérstaka hækkun lægstu launa virðast hafa gengið eftir. Næsti viðburður í kjaramálum verða viðræður um hagvaxtarauka sem hefjast innan nokkurra vikna.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

### Launaþróun starfsstétta á almennum vinnumarkaði



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

### Launaþróun í atvinnugreinum jan '15 til okt '21



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans